

## 15. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum nr. 41, 4. júní 1924.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

Á 2. gr. vegalaga, nr. 41 1924, er gerð þessi breyting:

*Við D.*

Á eftir tölulið 4 kemur nýr liður:

*Jökuldalsvegur* frá Jökulsárbrú hjá Fossvöllum upp Jökuldal yfir Gilsárbrú.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af vegamálastjóra að tilhlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins og fylgir því svohljóðandi

Greinargerð.

Vegur þessi var þjóðvegur fram til 1925, en með vegalögnum frá 1924 var þjóðvegurinn fluttur út Jökulsárhlíð og um Vopnafjörð og aðrar sveitir til Húsavíkur. Síðan hefir Jökuldalsvegurinn verið sýsluvegur. Þegar leiðin um Reykjaheiði hefir verið gerð akfær, verður samhangandi fær akvegur frá

Akureyri um Húsavík og Kelduhverfi yfir Jökulsárbrú hjá Skinnastöðum. Undanfarin 2 ár hefir verið unnið að því að gera akfæran fjallveginn þaðan um Hólsfjöll til Grímsstaða og komust bifreiðar þangað á síðastliðnu hausti. Þaðan þarf litilla umbóta austur undir Ármótasel (eyðibýli), um 63 km. vegarlengd eftir gamla þjóðveginum um Möðrudalsöræfi. Frá Ármótaseli að Gilsá er og fjallvegur. Vegarlengdin er um 7 km. og þarf á þeim kafla nokkrar umbætur, en lítið annað en ruðning svo að akfært verði. Ég býst við að sæmleg lagfæring á öllum fjallveginum um Hólsfjall og Möðrudalsöræfi muni naumast kosta yfir 15 þús. kr.

Frá Gilsá út Jökuldal að brúnni hjá Fossvöllum eru 33 km. og er sú leið víða akfær, en þarf talsverðra umbóta, sem hafa verið áætlaðar að kosta 100 þús. kr. að meðtöldum 5 smábrúm. Frá Fossvöllum er kominn akvegur til Reyðarfjarðar og um Hérað.

Þegar fjallvegurinn að Gilsá er orðinn akfær vantar aðeins þenna stutta kafla til þess að tengja saman Austurlandsvegina við akvegakerfi landsins. Þar sem kostar tiltölulega lítið að gera þenna vegarkafla þá þykir mér sjálf-sagt, að því verði hraðað og tel ég sanngjarnt og heppilegast að hann verði tekinn í þjóðvegatölu, þar sem hann þannig verður þjóðleið að minnsta kosti þann tíma árs, sem fær er bifreiðum. Með því móti fæst og bezt trygging fyrir, að hæfilega verði til vegabótanna vandað í upphafi og viðhald vegarins verði í lagi. Enda ekki sanngjarnt gagnvart Norður-Múlasýslu, að hún kosti vegagerð á svo fjölfarinni aðalleið milli landsfjórðunga, sem þessi leið verður, er hún opnast fyrir umferð bifreiða.